



MMF 04.002 Málun gamalla glugga innanhúss tvær umferðir án grunns.

1. Hreinsa og skafa lausa málningu.
2. Slípa.
3. Blettspartla með lakkspartli og slípa.
4. Blettmála.
5. Slípa lauslega.
6. Kítta þar sem við á.
7. Mála tvær umferðir með akrýl/alkyd málningu.
8. Gluggaþrif, frágangur og tiltekt.

Gluggakarmar (án áfellna og umgjarða) reiknast í lengdarmetrum. Gluggapóstar og sprossar reiknast í lengdarmetrum og teljast báðar hliðar. Opnanleg fög reiknast í lengdarmetrum.

Taka þarf fram ef gluggar eru fasaðir (rifflaðir).

Gluggaföls málast með glugganum að innan.